



TM

Viðmið fyrir sjálfbæra tryggingastarfsemi

Principles for Sustainable Insurance (PSI)

Desember 2025

Viðmið fyrir sjálfbæra tryggingastarfsemi

Principles for Sustainable Insurance (PSI)

Viðmið 1

Við munum samþætta umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti í ákvarðanatöku í tryggingarstarfsemi okkar.

Mögulegar aðgerðir

Lýsing/tilvísun

Stefna fyrirtækisins	Setja fyrirtækinu stefnu á stjórnar- og framkvæmda- stjórnarstigi til að greina, meta, stýra og hafa eftirlit með UFS-þáttum í rekstrinum.	- TM hefur innleitt stefnu um sjálfbærniáhættu sem felur í sér ábyrga þróun vöru- og tryggingarþjónustu, sem og stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Sjálfbær tjónþjónusta og loftslags- áhætta eru einnig hluti af stefnunni. - Sjálfbærniáhættustefna TM fjallar um hvernig sjálfbærnistarfi félagsins er háttað. Þar kemur fram að framkvæmdastjórn TM veiti sjálfbærni- eftirlit og tryggi innleiðingu í verkferla tengdum fjárfestingum og vöruþróun. - Sjálfbærniáhættustefna TM greinir frá því að félagið ætli að móta aðgerðir til að fylgjast með því að sjálfbærni- áhættustefnunni sé fylgt. Einnig stendur í stefnunni að félagið ætli að innleiða bestu starfsvenjur, staðla og reglugerðarkröfur í verklagsreglur félagsins til að ná fram stöðugum umbótum í áhættustjórnun tengdri sjálfbærni.
	Samskipti við eigendur fyrirtækisins um mikilvægi UFS-þátta fyrir stefnu fyrirtækisins	Landsbankinn er eini eigandi TM og TM útvistar hluta sjálfbærnimála til bankans. TM lýtur sérstakri stjórn sem er upplýst reglulega um framgang sjálfbærnimála. TM er með útvistunarsamning við Landsbankann, móðurfélag sitt, um aðstoð við sjálfbærnistarf félagsins. Framkvæmdastjóri Fjármála og rekstrar hjá TM er ábyrgðaraðili þess samnings fyrir hönd félagsins. Útvistunarsamningurinn gerir það að verkum að stöðugt og virkt samtal á sér stað á milli móðurfélags og dótturfélags

		um sjálfbærni og stjórnun málaflokksins. Nýlega gerðist TM stuðningsaðili við hnattrænt samkomulag SP (Global Compact) að fordæmi móðurfélagsins til að vinna eftir sömu stefnu og geta einnig samnýtt vinnu sem hefur þegar verið unnin í móðurfélaginu í sjálfbærnimálum.
	Samþætta UFS-þætti í ráðningarferli, fræðslu og þjálfun starfsfólks	Allt starfsfólk og stjórnendur hafa fengið kynningu á sjálfbærni og TM vinnur nú að fræðsluefni fyrir nýtt starfsfólk með Landsbankanum. Fræðsludeild Landsbankans býður upp á fjölbreytta fræðslu, einnig í sjálfbærni-tengdum málefnum, sem TM hefur fullan aðgang að og nýtir sér fyrir viðeigandi deildir. Einnig eru tækifæri fram undan til að sækja þá sjálfbærniþekkingu sem hentar sérstaklega fyrir félagið í fræðsluefni hnattræns samkomulags SP þar sem TM hefur nýlega gerst stuðningsaðili. Hnattrænt samkomulag SP býður upp á viðtækt fræðsluefni um sjálfbærni.

Áhættustýring og sölu-tryggingar

Koma á verklagi til að greina og meta UFS-þætti sem eru órjúfanlegur hluti af í eignasafninu og vera meðvituð um mögulegar UFS-tengdar afleiðingar viðskipta félagsins.

Áhættumat vegna váttryggingarviðskipta

- Miðað við að framkvæma áhættumatið fyrir fyrirtæki sem eru með fleiri en 50 starfsmenn.
- Ákveðið var að innleiða UFS-áhættumat í forvarnir og váttryggingarlegt áhættumat. Spurningum um UFS-mál var bætt í þann lista sem forvarnar-fulltrúi notar við úttektir.
- Spurningalistinn er á rafrænu formi (Taktikal) sem sent er til fyrirtækja sem hluti af áhættumati.
- Líklegt er að PCAF-aðferðafræðin sem verið er að útvíkka til váttrygginga geti hentað að einhverju leyti í áhættumatinu.
- PCAF-staðlar tilbúnir fyrir fyrirtækja-viðskipti og ökutæki einstaklinga.

		- Gert er áhættumat fyrir nýjar fjárfestingar sem þurfa samþykki fjárfestingarráðs. Er þar um að ræða óskráð hlutabréf, óskráð skuldabréf og óskráða fjárfestingarsjóði ásamt mögulega fleiri eignategundum. - Í áhættumatinu er stuttlega lagt mat á helstu tegundir orðspors- og sjálfbærniáhættu.
	Sambætta UFS-þætti í áhættuferli áhættustýringar, sölutryggingar og mati á eiginfjárförf, þar með talið í rannsóknnum, líkönum, greiningum, tólum og mælikvörðum.	- Árlega í ORSA (e. own risk and solvency assesment) mati sem TM gerir. Þar er lagt mat á hvaða loftslagsáhætta er viðeigandi fyrir TM, einnig er metið hvort áhætta sé mikilvæg fyrir TM eða ekki. - Loftslagsáhætta er flokkuð í skammtíma, miðlungs og langtíma loftslagsáhættu. - Við gerð mikilvægisgreiningar tekur TM tillit til bæði raunlægrar áhættu vegna loftslagsbreytinga (svo sem aukinnar tíðni og alvarleika náttúruhamfara, vatnsskorts og truflana í aðfanga-keðjum) og umbreytingaráhættu (svo sem breytinga á regluverki, markaðs-kröfum og tækninýjungum). - Með því að framkvæma mikilvægisgreiningu getur TM greint helstu loftslagsáhættu og tækifæri og þróað áætlanir til að draga úr áhættu og nýta tækifæri. Á þann hátt stendur félagið vörð um afkomu sína, eflir orðspor sitt og stuðlar að sjálfbærari framtíð. - Vísbendingar eru um aukningu í tjónum vegna storma. Engin veruleg tjón vegna sterkra storma voru skráð hjá TM fyrr en árið 2014/2015. - Einnig eru vísbendingar um aukningu í tjónum vegna skýfalls og skyndiflóða. Engin veruleg tjón voru skráð vegna skyndiflóða fyrr en árið 2015.

Þróun vöru og þjónustu	Þróa vörur og þjónustu sem draga úr áhættu, hafa jákvæð áhrif á UFS-þætti og hvetja til betri áhættu-stýringar.	Ábyrgt vöru- og þjónustuframboð er hluti af sjálfbærniáhættustefnu TM þar segir að: • Tekið sé mið af UFS-þáttum við stofnun nýrrar vöru eða þjónustu og við þróun þeirra. • Tekið sé mið af UFS-þáttum við greiningu vegna þróunar eða umtalsverðar breytingar á núverandi vöru og þjónustu. • Kallað sé eftir viðeigandi upplýsingum um UFS-þætti frá hagaðilum. • Upplýst sé um árangur við innleiðingu viðmiða. Markmið stefnunnar er að styðja við og þróa ábyrgt vöru- og þjónustuframboð sem styður við sjálfbærni. Stefnan tekur til stofnunar nýrrar vöru eða þjónustu, eftirfylgni við þróun þeirra og mótun, sem og endurskoðunar og breytinga á núverandi vöru eða þjónustu. Ákvarðanir um vöru- og þjónustuframboð TM byggja á lögum, reglum, innri verklagsreglum og stefnum. Í upphafi ferlis um stofnun nýrrar vöru eða þjónustu skal fylla út þar til tekið verkefnablað og skrá í vöruhandbók félagsins, m.a. upplýsingar varðandi markmið, kostnað, tekjur, áhættu, arðsemi og áhrif vörunnar á félagið. Í því ferli skal gera grein fyrir tengslum vöru eða þjónustu við UFS-þætti eins og við á. Vægi UFS-þátta við ákvarðanatöku skal metið eftir atvikum og eðli þeirrar vöru eða þjónustu sem um ræðir í hvert skipti. Þegar það er mögulegt skal einnig taka UFS-þætti með inn í áhættumat Áhættustýringar fyrir nýja vöru og þjónustu þar sem rekstraráhætta, orðsporsáhætta og arðsemisáhætta nýrrar vöru eða þjónustu er metin. Vörur: hjólatryggingar, séráhættuflokkur fyrir rafmagnsbíla, eignatryggingar (nýtt kerfi sem minnkar ferðir iðnaðarmanna). Vefsala og sjálfsafgreiðslulausnir TM draga úr tíðni ferða viðskiptavina. Þá er ekki lengur þörf á að mæta með ökutæki í
-------------------------------	---	--

		skoðun heldur nægir að taka myndir á síma og senda til TM í gegnum appið. Það sama gildir fyrir fasteignaskoðanir. Allt þetta stuðlar að minni losun gróðurhúsa-lofttegunda. Árið 2024 gerði TM öll samskipti við viðskiptavini pappírslaus.
	Þróa eða styðja við fræðslu um áhættu, tryggingar og UFS-þætti.	Haldin hafa verið erindi fyrir stjórnendur og starfsfólk. Árin 2024-2025 voru haldnir tveir fundir, annar með stjórnendum og hinn með starfsfólki. Einnig hefur starfsfólk sótt opna viðburði tengda sjálfbærni-málum eins og 25 ára afmæli hnattræns samkomulags SP. Framundan eru tækifæri til að efla þekkinguna frekar með þátttöku í hnattrænu samkomulagi SP og aðgangi að fræðsluefni þeirra og einnig með aðgangi að sjálfbærni-fræðslu á vegum Fræðslu og þróunar Landsbankans.

Umsjón tjóna

Ávallt skal bregðast við skráðum tjónum fljótt, af sanngirni og næmni og með gagnsæjum hætti og tryggja að tjónaferlar séu skýrir og skiljanlegir.	Hluti af þjónustuferli tjónaþjónustu. Um 18.000 tjón eru tilkynnt á ári. Samskiptin eru á þá leið að sum tjón eru afgreidd sjálfvirk í gegnum app TM t.d. farsímar, innbúsmunir, rúðutjón o.fl. Stefnt er að því að afgreiðslutíminn sé sem stystur.
Sambætta UFS-þætti í viðgerðir, varahlutanotkun og aðra tjónatengda þjónustu.	TM hefur í áratugi unnið að endurnýtingu tjónamuna, lengst af sem lið í því að takmarka fjárhagslegt tjón en á síðari árum einnig til að stuðla að virku hringrásar-hagkerfi. Mikilvægasti þátturinn í þeim efnum er endurnýting varahluta í ökutæki og húsbúnað. Hvað varðar endurnýtingu tjónamuna í ökutækjum er Ísland langt á eftir Norðurlöndunum varðandi það hlutfall notaðra varahluta sem nýttir eru til viðgerða. Svo virðist sem hagræna hvata vanti til að hækka hlutfallið en fjallað er um aukið framboð á notuðum varahlutum í loftslagsvísi atvinnulífsins. Þar eru

		stjórnvöld hvött til að herða öryggiskröfur og gera lagabreytingar til að styðja við hringrás tjónamuna. Hvað TM varðar hafa ákvæði um notaða varahluti verið sett inn í samninga við verkstæði og í skoðun er með hvaða hætti félagið geti aukið enn frekar notkun notaðra varahluta. Í eignatjónum hefur um árábil verið unnið að því að endurnýta muni, til dæmis úr brunatjónum. Munir hafa verið hreinsaðir og seldir með afslætti. Oft eru einungis umbúðir skemmdar.
--	--	--

Sölu- og markaðsmál

Fræða starfsfólk í sölu og markaðsmálum um UFS-þætti sem tengjast vörum og þjónustu og samþætta lykilskilaboð í stefnumótun og markaðsherferðir.	Þegar ný vara er sett á markað hafa verið haldnar mjög ítarlegar kynningar fyrir framlínu TM. UFS-þættir hafa enn ekki verið samþættir markaðssetningu TM.
Tryggja að vernd, ávinningur og kostnaður vegna vöru og þjónustu sé viðeigandi og útskýrður á skýran hátt til að tryggja skilning.	Reynt er að hafa skilmála sem skýrasta í þessum efnum.

Umsjón fjárfestinga

Samþætta UFS-þætti í fjárfestingarákvarðanir og eigendastefnur (t.d. með því að innleiða Viðmiðin um ábyrgar fjárfestingar (PRI)).	Sjálfbærniáhættustefna TM er með kafla um stefnu félagsins í ábyrgum fjárfestingum. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að tekið sé mið af UFS-þáttum við fjárfestingarákvarðanir með það að markmiði að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Viðmiðin geta átt við í öllu fjárfestingarferlinu, athugun á fjárfestingarkostum, í áreiðanleikakönnun og yfir eignarhaldstímann. Í stefnunni eru skilgreind viðmið í þeim tilgangi að gera TM kleift að samþætta sjálfbærni við núverandi verkferla þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar. TM tekur tillit til þessara þátta að því marki sem rúmast innan fjárfestingarmarkmiða félagsins.
--	--

		Horft er til eftirfarandi þátta í fjárfestingarferli félagsins: • Taka mið af UFS-þáttum við greiningu fjárfestingarkosta og við ákvarðanatöku. • Vera virkur eigandi þegar við á, þar sem tekið er tillit til UFS-þátta í eigendastefnum og í verki. • Kalla eftir viðeigandi upplýsingum um UFS-þætti frá hagaðilum þegar við á, sem og veita slíkar upplýsingar til aðila sem fjárfest er í. • Beita sér fyrir viðurkenningu á og innleiðingu UFS-þátta í starfseminni og út á við þar sem áhrifa TM gætir. • Fara reglulega yfir framkvæmd og vinna að því að efla árangur við innleiðingu þessara viðmiða, skila skýrslum um starfsemi félagsins og upplýsa um árangur við innleiðingu viðmiðanna á gagnsæjan og ábyrgan hátt. • Þetta er gert í gegnum árlega PSI-skýrslu félagsins og þar sem fjallað er um sjálfbærnimál TM í sjálfbærniuppgjöri móðurfélagsins, Landsbankans, og ársskýrslu hans. Eins og er þá er staða ábyrgra fjárfestinga sú að: • Árið 2021 voru 42 milljarðar króna í fjárfestingum en lítill hluti sem fellur undir grænar fjárfestingar. • Mat á óbeinni losun vegna fjárfestinga (PCAF). • UFS-þættir eru hluti af áhættumati nýrra fjárfestinga.
--	--	--

Viðmið 2

Við munum vinna með viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum að því að auka vitund um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti, stýra áhættu og þróa lausnir

Lýsing/tilvísun	
Viðskiptavinir og birgjar	Hafa virkt samráð við viðskiptavini og birgja um ávinning af stjórnun UFS-þátta og gera þeim grein fyrir væntingum og kröfum félagsins á sviði UFS-mála. Veita viðskiptavinum og birgjum upplýsingar og töl sem geta hjálpað þeim að stýra UFS-þáttum.
	Helstu samskipti um UFS-tengd málefni við viðskiptavini og birgja eiga sér stað í gegnum: - Samtöl við verkstæði og verktaka í tengslum við endurnýjun samninga. - Upplýsingagjöf og samtal við fyrirtæki í tengslum við áhættumat. - Efni á ytri vef sem tengist sjálfbærnistarfi TM.
	Sambætta UFS-þætti í útboðs- og valferli birgja. Meðhöndlun tjónaúrgangs - Búið er að setja inn ákvæði í alla samninga við bifreiðaverkstæði og verktaka í fasteignatjónum um endurvinnslu, flokkun, endurnýtingu og förgun. - Umhverfissvænir valkostir við viðgerðir á tjónum. - Notkun MEPS, kerfis sem heldur utan um eignatjón og afgreiðslu þeirra þegar verktakar á vegum TM fara á staðinn þar sem eignatjón hafa orðið. Getur haft þýðingu varðandi umhverfisþætti, t.d. með fækkun ferða verktaka. - Verkferlar varðandi endursölu og endurnýtingu tjónamuna eru til staðar. - Samstarfssamningur við viðurkenndan aðila varðandi förgun raftækja. - Verið er að taka upp siðareglur birgja að fyrirmynd móðurfélagsins Landsbankans. Þær gera kröfur til birgja um að vinna að 10 meginmarkmiðum hnattræns samkomulags SÞ.
	Hvetja viðskiptavini og birgja til að upplýsa um UFS-þætti og nota viðeigandi umgjörð fyrir upplýsingagjöf eða skýrslugerð. - Samningar við verktaka og birgja hvetja til endursölu og endurnýtingar. - Hluti af áhættumati við töku nýrra fyrirtækja í viðskipti sem eru með fleiri en 50 starfsmenn.

Trygginga- félög, endur- tryggjendur og milliliðir	Stuðla að innleiðingu viðmiðanna.	Ekki er hafin markviss vinna við að hvetja til innleiðingar á PSI meðal tryggingaraðila, endurtryggingaraðila eða annarra milliliða. Til að byrja með ætlar TM að innleiða PSI hjá sér og fá reynslu á innleiðingu viðmiðanna. Vonandi verður það öðrum hvatning til að gera hið sama. Ekki er gert ráð fyrir neinu markvissu kynningarstarfi öðru en að ganga fram með góðu fordæmi.
	Styðja að UFS-þættir verði hluti af faglegri fræðslu og siðareglum í tryggingarstarfsemi.	Á ekki við.

Viðmið 3

Við munum vinna með stjórnvöldum, eftirlitsaðilum og öðrum hagsmunaaðilum að því að stuðla að víðtækum aðgerðum í samfélaginu varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Lýsing/tilvísun		
Stjórnvöld, eftirlitsaðilar og aðrir stefnu- mótendur	Styðja varfærnar reglur, lagaumgjörð og stefnu sem aðstoða við að draga úr áhættu, stuðla að nýsköpun og bæta umsjón með UFS-þáttum.	Þátttaka TM í vinnuhópi SFF 2022-2023 um gerð nýrrar útgáfu af loftslagsvísi atvinnulífsins – áhersla á aukningu forvarna gegn tjónum og verkefni um hringrás tjóna. Í kjölfar þátttöku í vinnuhópi SFF voru tillögur sendar til stjórnvalda um að auðvelda endurnýtingu tjónamuna.
	Eiga samskipti við stjórnvöld og eftirlitsaðila um að þróa samþættar leiðir til áhættustýringar og lausnir fyrir yfirfærslu áhættu.	Starfsemi TM er á Íslandi sem er hluti af Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og þarf að taka upp reglugerðir og tilskipanir Evrópusambandsins (ESB), einnig þær sem snúa að sjálfbærnimálum. TM er ekki í virku samtali við stjórnvöld vegna áhættu-stýringar tengt sjálfbærni en uppfyllir að sjálfsögðu þær skyldur sem félaginu eru settar og er þeim fylgt eftir af viðeigandi opinberum aðilum.

Aðrir lykilhagaðilar	Eiga samskipti við alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök með það að markmiði að styðja sjálfbæra þróun með því að veita sérþekkingu á áhættu-stýringu og yfirfærslu áhættu.	Á ekki við.
	Eiga samskipti við samtök iðnaðar og atvinnulífs til að miðla þekkingu og skilningi á UFS-þáttum og bæta stýringu þeirra þvert á atvinnugreinir og landsvæði.	TM hefur tekið þátt í vinnuhópum á vegum Samtaka fyrirtækja í fjármálapjónustu (SFF) um sjálfbærni.
	Eiga samskipti við háskóla og vísindasamfélagið til að efla rannsóknir og fræðslu um UFS-þætti í tryggingarstarfsemi.	Ef rannsóknir fara í gang um veðurtengda atburði er TM tilbúið að opna gagnagrunna sína til liðsinnis, m.a. um staðsetningu og umfang tjóna. Hingað til hefur ekki verið leitast eftir því.
	Eiga samskipti við fjölmiðla til að efla vitund almennings um UFS-þætti og góða áhættustýringu.	Á ekki við.

Viðmið 4

Við munum sýna ábyrgð og gagnsæi með því að birta reglulega opinberar upplýsingar um innleiðingu viðmiðanna hjá okkur.

Lýsing/tilvísun

Meta, mæla og fylgjast með framvindu félagsins við umsjón UFS-þátta og hafa frumkvæði að því að birta þessar upplýsingar opinberlega og með reglubundnum hætti.

Loftslagsbókhald er birt árlega. Hið nýjasta er hægt að skoða í sjálfbærnisráðgjafi Kviku ([Kvika 2024](#)), loftslagsbókhald bls. 36. Launamunur kynjanna bls. 49. TM verður hluti af sjálfbærnisráðgjafi Landsbankans frá og með árinu 2025.

Nota viðeigandi staðla fyrir upplýsingagjöf og skýrslur.	• PCAF. • GHG Protocol. • Flokkunarreglugerðin • ORSA skýrsla sem byggir á Solvency II reglugerðinni. Tvöföld mikilvægisgreining var framkvæmd 2024-2025 í tengslum við innleiðingu á CSRD sem var í undirbúningi. Þeirri innleiðingu hefur nú verið frestað vegna óvissu um CSRD í kjölfar Omnibus tillögu ESB. Mikilvægisgreiningin nýtist samt við framsetningu sjálfbærniupplýsinga skv. ESRS-staðlinum.
Eiga samskipti við viðskiptavini, eftirlitsaðila, matsfyrirtæki og aðra hagaðila til að stuðla að gagnkvæmum skilningi á mikilvægi upplýsingagjafar samkvæmt viðmiðunum.	TM ætlar að einbeita sér að innleiðingu viðmiða PSI í starfsemi sína áður en félagið hefur samtal við aðra hagaðila um hvernig þau geti gagnast starfsemi þeirra.